



# SÆÐISDROPINN

2/04

Gott framboð var á kálfum á Uppeldisstöðina en heldur hefur dregið úr því er liðið hefur á veturinn og vorið. Ég vil eindregið hvetja ykkur til þess að tilkynna um nautkálfa undan kúm á nautsmæðraskrá og ekki síður efnilegum 1. kálfs kvígum eða ungum kúm sem ekki hafa fengið kynbótamat. Þar er einkum um að ræða kýr sem eru að bera sínum öðrum kálfi.

Verið er að taka nautkálfa á stöð undan Túna 95024, Sprota 95036, Prakkará 96007, Hófi 96027, Fróða 96028 og Hvítingi 96032. Þá styttist í fyrstu kálfa undan Stíg 97010 sem ættu að fæðast er líður að hausti.

Ég minni á að **búsnúmer Uppeldisstöðvarinnar í Porleifskoti 166259-1** en það færast á mjólkurskýrslu þegar nautkálfur er sendur á stöðina. Að sjálfsögðu eiga allir kálfar að vera merktir áður en þeir yfirgefa búíð.

Útsendingu er lokið úr Bangsa 02015, Ófeigi 02016, Hjaltalín 02018, Gilsungi 02022, Berki 02023 og Aðli 02039.

Útsendingu er að ljúka úr eftirfarandi nautum:

Skurður 02012 frá Stóru-Mörk, V-Eyjafjöllum, f. Kaðall 94017, mf. Búi 89017.

Sendill 02013 frá Ingjaldsstöðum, Reykjadal, f. Kaðall 94017, mf. Mosi 88026.

Stóristeinn 02024 frá Skipholti III, Hrunamannahr., f. Völsungur 94006, mf. Ljúfur 95979.

Pontíus 02028 frá Tröð, Kolbeinsstaðahr., f. Punktur 94032, mf. Óli 88002

Flói 02029 frá Brúnastöðum, Hraungerðishr., f. Kaðall 94017, mf. Búi 89017.

Skjanni 02030 frá Syðri-Gegnishólum, Gaulverjabæjarhr., f. Kaðall 94017, mf. Búi 89017.

Fleygur 02031 frá Hólshúsum, Gaulverjabæjarhr., f. Kaðall 94017, mf. Almar 90019.

Nói 02033 frá Hundastapa, Borgarbyggð, f. Kaðall 94017, mf. Frískur 94026.

Hlekkur 02036 frá Syðri-Gegnishólum, Gaulverjabæjarhr., f. Kaðall 94017, mf. Almar 90019.

Ás 02048 frá Sumarliðbæ, Ásahr., f. Kaðall 94017, mf. Stígur 97010.

Aðrir sem eru í dreifingu;

**Síríus 02032** frá Leirulækjarseli, Borgarbyggð, f. Kaðall 94017, mf. Daði 87003. Dreifing vel á veg komin.

**Prymur 02042** frá Tóftum, Árborg, f. Kaðall 94017, mf. Jóki 82008. Dreifing vel á veg komin.

**Bani 03003** frá Búvöllum, Aðaldal, f. Soldán 95010, mf. Daði 87003. Dreifing hafin.

**Brekkan 03004** frá Litlu-Brekku, Skagafirði, f. Punktur 94032, mf. Tuddi 90023. Dreifing hafin.

**Birkir 03005** frá Ytri-Tjörnum, f. Soldán 95010, mf. Kaðall 94017. Dreifing hafin.

**Gyllir 03007** frá Dalbæ, Hrunamannahr., f. Seifur 95001, mf. Soldán 95010. Dreifing hafin.

**Arfur 03011** frá Gunnbjarnarholti, f. Soldán 95010, mf. Hólmur 81018. Dreifing vel á veg komin.

**Trukkur 03012** frá Kotlaugum, Hrunamannahr., f. Soldán 95010, mf. Hvanni 89022. Dreifing hafin.

**Hegri 03014** frá Hamri, Hegranesi, f. Soldán 95010, mf. Almar 90019. Dreifing hafin.

Bitá, Nið, Kambi, Sorró, Sindra og Framá var fargað án þess að þeir gæfu sæði. Þá tókst ekki að ljúka sæðistöku úr Pontíusi þar sem hann fékk slæmt æxli á skaufann.

Notkun á holdasæði dregst enn saman og er kominn niður í um 1,5%.

Sæði er til úr öllum nautum þó nokkuð sé farið að ganga á Hóf 96027 og sérstaklega Hvíting 96032. Nóg er til úr nautum f. '97 þó ljóst sé að Stígur 97010 muni klárast um eða upp úr áramótum. Sérstök ástæða til þess að nýta sæðið úr honum vel og fara eftir þeim reglum sem Fagráð markaði í vetur þess efnis að til nota séu 1 skammtur á hverjar 5 árskýr og að bú utan skýrsluhalds fá 3 skammta til notkunar. Þannig á að vera tryggð að allir fái notið kosta hans.

**Guðmundur Jóhannesson.**



# FRÉTTABRÉF

BÚNAÐARSAMBANDS SUÐURLANDS

Júní 2004 - 26. árgangur. - 9. tölublað

## EFNI BRÉFSINS

Skil á vorbók  
Bl. 1

Gæðastýringarnámskeið  
í sauðfjárrækt  
Bl. 1

Umsóknir um gæðastýringu  
í sauðfjárrækt  
Bl. 1

Gæðastýringarnámskeið  
í sauðfjárrækt  
Bl. 1

Kýr 2004  
Bl. 2

Brynning á beitinni  
Bl. 3

Kostnaður við uppeldi á  
kvígum og verðlagning á kúm  
Bl. 3

Héraðssýning á  
Gaddstaðafötum  
Bl. 3

Sæðisdropinn  
Bl. 4

Ritstjórn:  
Jóhannes Hr. Símonarson,  
Runólfur Sigursveinsson,  
Guðmundur Jóhannesson.

Ábyrgðarmaður:  
Sveinn Sigurmundsson  
Sími 480 1800 - Fax 480 1818  
Netfang: bssl@bssl.is  
Vefslóð: <http://www.bssl.is>  
ISSN 1605-7546  
Prentun:  
Prentsmíðja Suðurlands ehf.

## Skil á vorbók

Samkvæmt ákvæði í reglugerð um gæðastýringu í sauðfjárrækt þurfa nýir skýrsluhaldarar að skila vorbók til Bændasamtaka Íslands fyrir 1. júlí nk. til að uppfylla skilyrði gæðastýringar.

Ákveðið hefur verið að gefa aðilum, sem þess þurfa, **frest á skilum til 20. júlí**. Þeir sem ætla að nýta sér þennan kost þurfa að sækja um það skriflega eða símleiðis hjá Búnaðarsambandi Suðurlands í síma 480 1800 eða 487 4818.

Nánar er fjallað um þennan frest á heimasíðu Bændasamtaka Íslands, [www.bondi.is](http://www.bondi.is), og væntanlega í næsta Bændablaði.

ATH.: Þeir örfáu aðilar sem enn hafa ekki skilað fjárbók fyrir 2003 er bent á að gera það hið fyrst en jafnframt þurfa þeir að skila vorbók til að uppfylla ákvæði gæðastýringar.

## Umsóknir um gæðastýringu í sauðfjárrækt

Þeir sauðfjárbændur sem ekki sóttu um gæðastýringu í sauðfjárrækt sl. sumar en ætla sér að gerast þátttakendur í gæðastýringunni 2005 þurfa að skila inn umsókn til BSSL eigi síðar en 30. júní nk. Um er að ræða eyðublöðin: Grunnupplýsingar 1-A, 3-A og 4-A og er hægt að nálgast eyðublöðin á skrifstofum BSSL eða heimasíðu Bændasamtakanna [www.bondi.is](http://www.bondi.is). Umsækjendur þurfa að hafa setið undirbúningsnámskeið gæðastýringar. Nánari upplýsingar veita Fanney og Berglind í síma 487 4818.

## Gæðastýringarnámskeið í sauðfjárrækt

Haldið verður námskeið í gæðastýringu í sauðfjárrækt þann 23. júní nk. í fundarsal Búnaðarsambands Suðurlands, Austurvegi 1 kl: 10:00-17:00.

Farið verður í eftirfarandi þætti:

- Hugtakið gæðastýring og mismunandi útfærslur á því.
- Forsaga og framkvæmd gæðastýringar í sauðfjárframleiðslu.
- Gæðahandbókin,
  - skráningarskjöl ásamt sauðfjárskýrsluhaldi.
  - nýting skráðra upplýsinga
  - eftirlitsþættir
- Rekstrarlíkan sauðfjárframleiðslu?
- Annað smálegt.

Frekari upplýsingar í síma 487 4818.

## KÝR 2004

Þann 28. ágúst nk. standa Búnaðarsamband Suðurlands og Félag kúabænda á Suðurlandi fyrir kúasýningunni KÝR 2004 í Ölfushöllinni á Ingólfshvoli. Sýningin verður að öllum líkindum með nokkuð líku sniði og áður þó vænta megi einhverra smávægilegra breytinga.

Sýningarflokkar verða eftirfarandi:

- Kálfar, sýndur yngri en 12 ára
- Kálfar, sýndur 12 ára og eldri
- Holdagripir
- Fyrsta kálfs kvígur
- Mjólkurkýr

Það er því um að gera að fara að velja kálfa og kýr til þjálfunar því tíminn er fljótur að líða. Á næstu dögum



verður sent út bréf þar sem óskað verður eftir ákveðnum fyrsta kálfs kvígum og mjólkurkúm til sýningar en mönnum er að sjálfsögðu heimilt að koma með aðra gripi til sýningar. Þátttaka tilkynnist til Guðmundar Jóhannessonar í síma 480 1808, netfang mundi@bssl.is.

Undirbúningsnefnd sýningarinnar er skipuð þeim Guðmundi Jóhannessyni, Guðrúnu Helgu Þórisdóttur og Sigrúnu Ástu Bjarnadóttur.



## Brynning á beitinni

Eins og allir vita er þörfin fyrir vatn ein af frumþörfum búpenings. Mjólkurkýr eru þurfta frekar á vatn og þá sérstaklega þær nytháu. Nauðsynlegt er að mjólkurkýr hafi stöðugan aðgang að vatni en ef brestur er á því kemur það fljótt fram í lækkaðri nyt, auk þess sem hættan á ýmsum efnaskiptasjúkdómum eykst.

	Hitastig °C		
	-17 til 10	11 til 20	21 til 25
Kýr, 10 kg dagsnyt	78	86	105
Kýr, 20 kg dagsnyt	88	98	119
Kýr, 30 kg dagsnyt	99	110	133
Kýr, 40 kg dagsnyt	109	121	147

Tafla 1. Vatnshöf kúa í lúrum talið, m.v. nythæð og umhverfshitastig.

Í beitarhólfum er nauðsynlegt að tryggja óheft aðgengi að rennandi vatni. Þar sem gott aðgegni er ekki til staðar frá náttúrunnar hendi bjóðast ýmsir valkostir brynningarkerfa. Við val á slíkum kerfum þarf að gæta þess að kýrnar geti stungið grönunum um 3-4 cm ofan í vatnið. Einnig þarf kerfið að afkasta nóg eða um 10-12 l á mínútu, að lágmarki 5-8 l/mínútu. Ef rennsli er of lítið nenna kýrnar ekki að bíða eftir vatninu og drekka ekki nægju sína. Jafnframt kemur það niður á vatnsneyslunni ef vatnsbólíð er of fjarri beitinni. Kýr ættu ekki að þurfa lengra en um 7-800 metra eftir vatni, því styttra því betra. Ef um lengri veg er að fara sækja þær sjaldnar í vatnið og drekka minna en ella.

Sá brynningarútbúnaður sem líklega er hvað mest notaður í beitarhólfum eru vatnsker með flotholti eða brynningarskálur með þrýsiventli eða flotholti. Floholt sem þessi má fá hjá mörgum söluaðilum og kosta vel innan við 10.000 krónur. Einnig þekkist og er mjög sniðugt að bændur noti veltikör úti í haganum líkt og notuð eru í legubásafjósum. Í öllu falli þarf að gæta þess að auðvelt sé að þrifa þau vatnskör sem verða fyrir valinu.

Oftar en ekki eru lagðar langar slöngur út í hagann að vatnskerunum. Varanlegri og hagstæðari lausn til lengri tíma litið er að plægja niður vatnslögn í þau hólf sem

venja er að beita kúnum á. Plaströr fyrir slíkar vatnslagnir kosta á bilinu 30-40 kr. meterinn, með utanmál á bilinu 20-25 mm. Kostnaður við að láta plægja niður eða grafa fyrir vatnslögninni er mismunandi og veltur m.a. á jarðvegsgerð og aðstæðum hverju sinni.

Allt í allt er kostnaður við lagnir og ker hverfandi miðað við ávinninginn sem hlýst af góðri brynningu úti í haganum.

**Oddný Steina Valsdóttir.**  
**Jóhannes Hr. Símonarson.**

## Kostnaður við uppeldi á kvígum og verðlagning á kúm

Fyrir allnokkru kom á vef Bændasamtakanna, www.bondi.is undir liðnum búrekstur, hagfræði/arðsemismat upplýsingar um kostnað við kvíguuppeldi. Skjalið er excelskjál og geta notendur breytt forsendum að hluta út frá eigin aðstæðum. Út frá þeim forsendum sem miðað er við virðist uppeldiskostnaður vera rúmlega 98.000 krónur ef tekið er mið af 1.burði við 25 mánaða aldur en samkvæmt skýrsluhaldsgögnum er meðalaldur 1.kálfs kvígna við burð um 29 mánuðir að meðaltali þó svo æskilegt sé að kvígnar komi fyrr í framleiðslu. Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga hvað markaðsverð á kúm og kvígum hefur verið í viðskiptum manna á milli undanfarin ár. Það verð hefur oftast en ekki verið lægra en þær tölur sem birtar eru í reiknilíkaninu.

Til umhugsunar er einnig ákvæði í nýjum mjólkursamningi að frá og með verðlagsárinu 2006/2007 verður hluti stuðnings í mjólkurframleiðslu færður yfir á mjólkurkýr, sá stuðningur verður að jafnaði um 15.000 krónur á kú, háð þó bústærð og fjölda kúa í landinu á hverjum tíma. Með hliðsjón af þessu ákvæði má búast við að verð á kvígum og kúm til mjólkurframleiðslu fari hækkandi á næstu árum.

Ástæða er fyrir kaupendur á hverjum tíma að fá sem bestar upplýsingar um viðkomandi gripi, heilbrigðisástand í viðkomandi fjósi og ætterni og meðalafurðir viðkomandi bú. Jafnframt þarf að hafa í huga takmarkanir sem eru á flutningi gripa milli svæða.

**Runólfur Sigursveinsson.**

## Héraðssýning á Gaddstaðflötum

Héraðssýning kynbótahrossa á Gaddstaðflötum fór fram dagana 24. maí til 11. júní. Dómsstörfum lauk 11. júní en um kvöldið þann 12. júní var verðlaunaafhending í tengslum við gæðingamót Geysis. Þar voru 5 efstu stóðhestar og 10 efstu hryssur í hverjum flokki verðlaunuð.

Sýningin gekk vel og var hestakostur góður. Alls unnu 106 hross sér þátttökurétt á Landsmótið, 21 stóðhestur og 85 hryssur. Helstu breytingar frá því í fyrra á svæðinu var að búíð er að koma upp mjög öflugum staðarneti og stóðhestahúsið hefur verið tekið í gegn. Allir básar fjarlægðir og komið fyrir stíum í staðinn.

Alls voru dæmd 423 hross. Hlutfall stóðhesta sem fór í aðaleinkunn 8,00 eða yfir var 28% en hjá hryssum var það 25%.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá hvernig hrossin skiptust eftir kyni og aldri og hve mörg hross fóru yfir 8,00 í aðaleinkunn. Atygli vekur hve mörg 4 og 5 vetra hross komu til dóms og fjölmörg þeirra stóðu sig frábærlega, nægjar þar að nefna að alls unnu 63 hross 4 og 5 vetra sér þátttökurétt á LM.

	Fjöldi dæmdra hrossa 2003	Fjöldi m. aðaleink. yfir 8,00	Fjöldi dæmdra hrossa 2004	Fjöldi m. aðaleink. yfir 8,00
<b>Stóðhestar:</b>				
6. vetra og eldri	30	17	27	14
5. vetra	19	8	33	8
4. vetra	27	3	43	8
Ungfolar	1		3	
Samtals fjöldi stóðhesta:	77	28	106	30
Geldingar	1			
<b>Hryssur:</b>				
7. vetra og eldri	76	19	93	24
6. vetra	61	14	74	23
5. vetra	53	12	87	21
4. vetra	37	4	63	12
Samtals fjöldi hryssna:	227	49	317	80
Samtals fjöldi sýndra hrossa	305		423	

Hér á eftir fer listi yfir 5 efstu hross í hverjum flokki. Hægt er að nálgast dómaskrá á heimasíðu Búnaðarsambandsins www.bssl.is eða á skrifstofu Búnaðarsambandsins.

### Einstaklingssýndir stóðhestar 4 vetra

1. IS2000184814 Eldjárn frá Tjaldhólum, aðaleink. 8,21
2. IS2000184656 Vár frá Vestra-Fíflholti, aðaleink. 8,19
3. IS2000135465 Metingur frá Vestri-Leirargörðum, aðaleink. 8,15
4. IS2000188473 Borði frá Fellskoti, aðaleink. 8,07
5. IS2000187808 Bjargþór frá Blesastöðum 1A, aðaleink. 8,07

### Einstaklingssýndir stóðhestar 5 vetra

1. IS1999176179 Kristall frá Ketilsstöðum, aðaleink. 8,24
2. IS1999176181 Tjörvi frá Ketilsstöðum, aðaleink. 8,21
3. IS1999157338 Jór frá Gýgjarhóli, aðaleink. 8,12
4. IS1999187316 Börkur frá Litlu-Reykjum, aðaleink. 8,09
5. IS1999186896 Seifur frá Efri-Rauðalæk, aðaleink. 8,07

### Einstaklingssýndir stóðhestar 6 vetra og eldri.

1. IS1998186420 Geysir frá Sigtúni, aðaleink. 8,26
2. IS1997187396 Lúkas frá Litla-Ármóti, aðaleink. 8,21
3. IS1998186130 Hilmir-Snær frá Ármóti, aðaleink. 8,21
4. IS1997165492 Sleipnir frá Efri-Rauðalæk, aðaleink. 8,20
5. IS1998187346 Hugur frá Hallanda, aðaleink. 8,20

### Einstaklingssýndar hryssur 4 vetra

1. IS1999258711 Frigg frá Miðsitju, aðaleink. 8,30
2. IS1999286914 Arndís frá Feti, aðaleink. 8,10
3. IS1999286427 Tíbrá frá Há koti, aðaleink. 8,08
4. IS1999287807 Hrafnhildur frá Blesastöðum 1A, aðaleink. 8,08
5. IS1999257027 Kátína frá Keldudal, aðaleink. 7,99

### Einstaklingssýndar hryssur 5 vetra

1. IS1999287053 Fold frá Auðsholtshjáleigu, aðaleink. 8,28
2. IS1999286303 Urður frá Gunnarsholti, aðaleink. 8,26
3. IS1999288504 Randfríður frá Torfastöðum, aðaleink. 8,26
4. IS1999286598 Helena frá Herriðarhóli, aðaleink. 8,22
5. IS1999258711 Frigg frá Miðsitju, aðaleink. 8,21

### Einstaklingssýndar hryssur 6 vetra

1. IS1998225234 Harpa frá Reykjavík, aðaleink. 8,38
2. IS1998258700 Samba frá Miðsitju, aðaleink. 8,37
3. IS1998235026 Sjöfn frá Akranesi, aðaleink. 8,34
4. IS1998284553 Mirra frá Þúfu, aðaleink. 8,31
5. IS1998286295 Sunna frá Kaldbaki, aðaleink. 8,26

### Einstaklingssýndar hryssur 7 vetra og eldri

1. IS1997258874 Hending frá Úlfstöðum, aðaleink. 8,47
2. IS1997286598 Hylling frá Herriðarhóli, aðaleink. 8,35
3. IS1996265121 Kengála (Sveifla) frá Brattavöllum, aðaleink. 8,34
4. IS1997287683 Snædís frá Selfossi, aðaleink. 8,28
5. IS1997286106 Göldrun frá Kirkjubæ, aðaleink. 8,26

Að lokum vill Búnaðarsamband Suðurlands nota tækifærið og óska knöpum og eigendum þessara hrossa til hamingju með glæsilegan árangur.

**Halla Eygló Sveinsdóttir.**